



Faghópur I

Fundargerð 15. fundar

Orkustofnun, 8. október 2009, kl. 10:00

Mætt: Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Freysteinn Sigmundsson, Magnús Ólafsson, Sólborg Una Pálsdóttir og Tómas Þór Tómasson sem ritaði fundargerð.

Forföll: Hilmar J. Malmquist og Kristinn Haukur Skarphéðinsson

Fundarfrásögn

1. **Fundargerðir.** Fundargerðir tveggja síðustu funda samþykktar með nokkrum athugasemdum. Þóra gerði auk þess nokkrar athugasemdir við fundargerð frá 10. sept. sem bætt verður inn. Eftirleiðis skulu drög að fundargerðum sendar út fyrir komandi helgi og athugasemdir berist í tæka tíð svo leggja meg fram til samþykktar leiðréttar fundargerðir í upphafi næsta fundar.
2. **Verðmætamat menningarminja á háhitasvæðum.** Megin efni fundarins var kynning Sólborgar á verðmætamati menningarminja á háhitasvæðum. (Sjá glærukynningu hennar með fundargerð á vinnusvæði á heimasíðu.)
3. **Tillaga að verðmætamati lífvera.** Þóra lagði fram hugmyndadrög að verðmætamati lífvera sem hún mun vinna áfram fram að næsta fundi.
4. **Álit á afmörkun svæða.** Samþykkt var að Magnús fengi Sveinbjörn Björnsson til að gefa álit á afmörkun svæða vegna háhitasvæða og Þóra Hákon Aðalsteinsson vegna vatnsaflskosta
5. **Næsti fundur** verður haldinn 15. okt. Þá verður meginefni kynning á verðmætamati jarðminja á háhitasvæðum og framhald á umræðum um verðmætamat á lífverum.
6. **Fundi var slitið kl. 12:00.**